

SAMKOMULAG UM SAMSTARF Á SVIÐI VARNAR- OG ÖRYGGISMÁLA MILLI BRESKA KONUNGRÍKISINS OG ÍSLANDS

1. Aðilar.

Gjörningur þessi er samkomulag milli breska konungsríkisins og Íslands (hér á eftir nefnd aðilar) um samstarf á sviði varnar- og öryggismála.

2. Markmið og gildissvið.

i. Markmið.

Markmið þessa samkomulags er að efla pólitískan vilja beggja aðila til að þróa núverandi samstarf sín á milli á friðartímum í málum er varða varnir og öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu.

ii. Samstarfsvettvangur.

Aðilar hafa ákveðið að efla samstarf sín á milli á eftirfarandi sviðum:

- Upplýsingaskipti.

Aðilar munu halda árlega samráðsfundi háttsettra embættismanna hlutaðeigandi ráðuneyta, til skiptis í breska konungsríkinu og á Íslandi.

Aðilar munu skiptast á upplýsingum um viðeigandi háttsetta tengiliði í hlutaðeigandi ráðuneytum og um hugsanlega tengiliði í öðrum stjórnardeildum og ríkisstofnunum.

- Samstarf á sviði varnar- og öryggismála.

Aðilar munu kanna þann kost að efna til samstarfs á sviði menntunar og þjálfunar þeirra sem vinna við löggæslu, undirbúa og framkvæma aðgerðir gegn hryðjuverkum, annast sprengjueyðingu og leit og björgun á sjó.

Báðir aðilar munu, eftir því sem sameiginleg þörf krefur, stuðla að heimsóknnum og að því að fram fari æfingar og önnur varnartengd starfsemi.

3. Gistiríkisstuðningur.

Íslenska Varnarmálastofnunin mun veita gistiríkisstuðning til bresks starfsliðs og vegna starfsemi sem tengist sameiginlegum verkefnum á íslensku yfirráðasvæði sem eru grundvölluð á þessu samkomulagi. Ísland mun bera kostnað vegna húsnæðis, kosts og nauðsynlegrar aðstoðar á landi auk notkunar aðstöðu. Aðilar munu ákveða sameiginlega og fyrirfram umfang og eðli veittrar aðstoðar.

Varnarsamstarfið verður byggt á stöðlum og verklagsreglum Atlantshafsbandalagsins sem varða gistiríkisstuðning (m.a. MC319/1, MC 334/1, AJP 4.5(A), STANAG 3113 og STANAG 2034).

Auk þessa samkomulags munu aðilar undirbúa gerð ítarlegs samnings tæknilegs eðlis og taka saman yfirlit um þarfir í tengslum við nauðsynleg æfingarverkefni á Íslandi. Hvers er nákvæmlega þörf, að því er varðar viðveru og æfingar af ýmsum toga á Íslandi, verður ákveðið fyrirfram í hverju tilviki fyrir sig.

4. Réttarstaða.

Farið verður með mál, sem snerta réttarstöðu, lögsögu, aga og skaðabætur og varða liðsafla og starfslið á vegum annars aðilans, sem tekur þátt í verkefnum samkvæmt þessu samkomulagi, samkvæmt ákvæðum samnings Atlantshafsbandalagsins um réttarstöðu útsends liðsafla.

Ákvæði þess samnings verður að hluta til sá grundvöllur sem hið útvíkkaða samstarf breska konungsríkisins og Íslands verður byggt á, sem verður liður í samstarfi á breiðum grundvelli milli breska konungsríkisins, Íslands og annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafssvæðinu.

5. Kostnaður.

Samkvæmt þriðju grein hér að framan mun hvor aðili um sig bera þann kostnað sem tengist eigin starfsemi samkvæmt þessu samkomulagi, nema aðilar ákveði annað eða annað leiði af ákvæðum þessa samkomulags eða samkomulagi tæknilegs eðlis sem er grundvallað á því. Í þessu samkomulagi er ekki fjallað um yfirfærslu fjár milli aðila.

6. Skipti á trúnaðarupplýsingum og vernd þeirra.

Allar trúnaðarupplýsingar, sem skipst er á eða verða til í tengslum við starfsemi samkvæmt þessu samkomulagi, verða notaðar, sendar, geymdar og meðhöndlaðar í samræmi við löggjöf og öryggisákvæði aðila og, ef við á, í samræmi við tvíhliða samkomulag þeirra á milli um öryggismál, þó þannig að aðilar fylgi að lágmarki verndarreglum skjals Atlantshafsbandalagsins C-M(2002)49, „Security within the North Atlantic Treaty Organisation“, frá 17. júní 2002 með áorðnum breytingum.

Hvor aðili um sig mun gera allar ráðstafanir, sem lög leyfa, til þess að tryggja að trúnaðarupplýsingar, sem eru afhentar eða verða til í tengslum við starfsemi samkvæmt þessu samkomulagi, verði eigi afhentar þriðju aðilum án samþykkis hins aðilans.

7. Lausn deilumála.

Sérhvert deilumál um túlkun eða beitingu þessa samkomulags verður leyst með samráði milli aðila eins neðarlega í stjórnkerfinu og aðstæður leyfa og verður slíku deilumáli eigi vísað til innlends eða alþjóðlegs dómstóls eða annars þriðja aðila til úrlausnar.

8. Almenn ákvæði.

Samkomulag þetta mun koma til framkvæmda þegar báðir aðilar hafa undirritað það. Samkomulagið verður áfram virkt uns því verður sagt upp.

Heimilt er að gera skriflega breytingu á þessu samkomulagi hvenær sem er taki aðilar sameiginlega ákvörðun þar um.

Hvor aðili um sig getur sagt þessu samkomulagi upp með 120 daga fyrirvara sem hann tilkynnir hinum um skriflega. Í því tilviki munu allar trúnaðarupplýsingar, sem skipst hefur verið á eða til hafa orðið á grundvelli þessa samkomulags, verða verndaðar áfram í samræmi við ákvæði 5. mgr. þessa samkomulags.

Undanfarandi skjal er samkomulag sem ríkisstjórn Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands hafa gert með sér um þau mál sem þar er fjallað um.

Breska utanríkisráðuneytið

Gjört í tvíriti í ... *London* hinn *12. maí 2008* ... á ensku og íslensku og eru báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
sameinaða konungsríkis
Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Hins
lýðveldisins Íslands

